

Mánudaginn 13. janúar 1958.

Nr. 217/1957. **Brandur Brynjólfsson**
 gegn
Sæmundi Þórðarsyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Frávisun frá dómi. Kærumál.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 18. desember f. á., sem barst Hæstarétti 23. s. m., hefur sóknaraðili kært frávisunardóm, sem upp var kveðinn á bæjarþingi Hafnarfjarðar 16. nóvember f. á. í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Sóknaraðilja barst eigi vitneskja um dóminn fyrr en 12. desember f. á.

Krefst sóknaraðili þess, að hinum kærða dómi verði hrundið og honum dæmdur kærumálskostnaður úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar héraðsdóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Sóknaraðili, sem reisir dómkröfur sínar í héraði á ákvæðum 74. gr. vixillaga nr. 93/1933, hefur ekki gert neina grein fyrir viðskiptum þeim, er lágu að baki víxilkröfunni. Vegna þessarar vanreifunar var því rétt að visa málinu frá dómi. Ber því að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 1000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Brandur Brynjólfsson, greiði varnaraðilja, Sæmundi Þórðarsyni, kr. 1000.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 16. nóvember 1957.

Ár 1957, laugardaginn 16. nóvember, var í bæjarþingi Hafnarfjarðar af fulltrúa bæjarfógeta, Kristni Ólafssyni, kveðinn upp dómur í ofangreindu máli, sem dómtekið var 11. nóvember.

Mál þetta er höfðað fyrir bæjarþingi Hafnarfjarðar með stefnu, útgefinni 6. apríl s.l., af Brandi Brynjólfssyni, Austurstræti 12, Reykjavík, gegn Sæmundi Þórðarsyni stórkaupmanni, Merkur-götu 3, hér í bæ, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 4365.50 ásamt 7% ársvöxtum frá 28. desember 1947 til 28. desember 1950 og málskostnaðar að mati dómarans.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af öllum kröfum stefnandans og til vara, að málinu verði vísað frá dómi vegna vanreifunar og í báðum tilfellum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda og til vara, að hann verði látinn falla niður.

Við munnlegan flutning málsins féll umboðsmaður stefnda frá aðalkröfu sinni í greinargerð og krafðist þess, að málinu yrði vísað frá dómi vegna vanreifunar, og samþykkti stefnandi, að munnlegur málflutningur færi aðeins fram um frávísunarkröfuna. Þá krafðist stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Málavextir eru þessir:

Stefnandi málsins, Brandur Brynjólfsson, hefur lagt fram í máli þessu víxil, að fjárhæð kr. 4365.50, útgefinn í Reykjavík 28. október 1947 af stefnanda, Brandi Brynjólfssyni, og samþykktan til greiðslu af Sæmundi Þórðarsyni hinn 28. desember 1947. Vixillinn skyldi greiðast í Búnaðarbanka Íslands, Reykjavík. Þar sem stefnandi telur víxil þenna ógreiddan, hefur hann höfðað mál þetta samkvæmt heimild í 74. gr. víxillaganna nr. 93 frá 1933, þar eð víxilrétturinn er fyrndur.

Umboðsmaður stefnda reisir frávísunarkröfu sína á því, að stefnandi verði að sanna, að hann hafi átt víxilinn eða einhver, sem hann hefur fengið víxilinn hjá, er víxilrétturinn glataðist og að þá hafi legið lögmæt krafa bak við hann. Mótmælir umboðsmaður stefnda því eindregið, að stefnandi uppfylli að þessu leyti skilyrði 74. gr. víxillaganna. Segir hann, að víxillinn hafi komið úr vörzlu stefnda um það leyti, er víxilrétturinn var fyrndur, annaðhvort slæðzt burt í öðrum plöggum Guðmundar H. Þórðarsonar eða verið tekinn ófrjálsri hendi. Auk þess hafi engin lögskipti eða skuldakrafa legið á bak við víxilinn og því séu skilyrði 74. gr. víxillaganna um, að víxilhafi biði tjón, ef fjárheimtan félli niður, heldur ekki fyrir hendi. Vixilblaðið hafi legið hjá stefnda óútgefið, en átt að seljast í banka, sem þó ekki hafi orðið af.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að ekki sé nauðsynlegt að minnast einu orði á þau viðskipti, sem bak við víxilkröfuna liggja. Hér sé aðeins um stefnda að ræða, sem myndi

hagnast á kostnað víxileiganda, ef fjárheimtan félli niður vegna fyrningar á víxilréttinum. Til þess að krefja skuld samkvæmt 74. gr. víxillaganna sé handhöfn víxils ekki nauðsynleg, ef stefnandi sannar, að hann hafi átt víxilinn, er víxilrétturinn fyrntist, eða hefur framsal kröfunnar frá slíkum. Handhöfn í samræmi við framsöl sé talin næg sönnun þess, að viðkomandi hafi átt víxilinn, er víxilrétturinn fyrntist, eða að hann sé handhafi réttar samkvæmt 74. gr. víxillaganna.

Eins og fram kemur af því, sem hér hefur verið rakið, byggir stefnandi kröfu sína í málinu um greiðslu víxilfjárhæðar samkvæmt heimild í 74. gr. víxillaga, eftir að víxilréttur er fyrndur.

Sá, sem bera vill þessa heimild fyrir sig, verður að sanna, að hann hafi átt víxilinn, áður en víxilrétturinn glataðist, með því að í tilvitnaðri grein segir, að „eiganda víxils sé rétt að sækja víxilskuldara um þá fjárhæð, er hann myndi vinna honum úr hendi, ef fjárheimtan félli niður, sem um hverja aðra skuld“.

Ekki verður fallið á, að handhöfn víxilsins ein skeri nægilega úr um þetta atriði gegn upplýsingum af hálfu stefnda í gagnstæða átt. Það verður og að teljast ótrúlegur dráttur af hálfu stefnanda, sem er lögfræðingur, að láta víxilinn fyrnast í höndum sér og kröfuna síðan liggja aðgerðarlaust hjá sér í meira en 6 ár, og er engin skýring gefin á þessu í málinu.

Með vísun til þessa telur dómurinn breyta á um fullnægjandi upplýsingar varðandi eignarrétt stefnanda að víxlinum, áður en víxilrétturinn glataðist eða hvernig víxillinn komst í hans eign, og ber því að vísa málinu frá dómi vegna vanreifunar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Framangreindu máli vísast frá dómi.

Málskostnaður falli niður.
